

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1450

komudagur 16/4 1996

Verkalýðsfélagið Rangæingur

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Hellu 12. apríl 1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélagsins Rangæings um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar Rangæings fylgir hér á eftir:

Verkalýðsfélagið Rangæingur mótmælir harðlega framlögðu frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur og krefst þess að það verði dregið til baka nú þegar. Með þessu frumvarpi sem lagt er fram í fullri andstöðu við verkalýðshreyfinguna og í miðjum viðræðum aðila vinnumarkaðarins er félagsmálaráðherra og ríkisstjórn að efna til stríðs við verkalýðsfélögin, sem ekki verður séð fyrir endann á. Samkvæmt frumvarpinu er vald sáttasemjara aukið mjög og miðlunartillögu sem hann leggði fram yrði mjög erfitt að fella hversu andstæð sem hún væri hagsmunum verkafólks. Í þessu frumvarpi er vegið mjög alvarlega að lýðræðislegum réttindum launþega í verkalýðshreyfingunni til að hafa áhrif á eigin mál með frjálsum samningum. Stéttarfélög hafa ekki lengur vald til að ákveða hvernig hagað er atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun og á ýmsan annan hátt er hlutast til um innri málefni verkalýðsfélaga.

Á fullskipuðum fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs og fjölsóttum félagsfundi verkalýðsfélagsins Rangæings sem haldnir voru 11. apríl 1996 var samþykkt að skora á félagsmálanefnd Alþingis að leggja frumvarpið til hliðar og stuðla þannig að því að samtök launafólks og atvinnurekenda fái tækifæri til þess að semja sín á milli um þær leikreglur sem þeim er ætlað að starfa eftir.

Virðingarfyllt
f. h. Verkalýðsfélagsins Rangæings

Verkalýðsfélagið

Rangæingur

Gudmín Haraldsdóttir